

Mál nr. 131/2010

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 18.10.2005.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 30.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf x, dags. 18.5.2010.

Málsatvik.

M starfaði á leikskólanum L og var yfirmaður í eldhúsi. Hitakassa úr plasti hafði verið komið fyrir í rúmlega 2 m hæð uppi á búrskápinum í eldhúsinu. Vitnum ber ekki saman um þyngd kassans eða hversu lengi hann hafði verið uppi á búrskápinum. Er hann talinn hafa verið um 4-8 kg á þyngd og verið uppi á skápinum í vikutíma ef ekki einhverja mánuði.

Þann 18.10.2005 fór M í búrskápin til að sækja hráefni. Féll þá kassinn ofan af skápinum og lenti á höfði og vinstri öxl M. Hún leitaði til heimilislæknis daginn eftir slysið og var meðhöndluð með bólgueyðandi og verkjastillandi lyfjum. Í kjölfarið var M undir eftirliti lækna vegna einkenna sem hún rakti til slyssins. Á árinu 2008 mun hún svo hafa látið af störfum hjá L.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá vátryggingafélaginu X vegna líkamstjóns síns. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum málsins þykir ljóst að umræddur hitakassi hafði verið um nokkurn tíma uppi á búrskápinum, en ekki liggur fyrir hver kom kassanum þarna fyrir. Engu að síður vissi M veða mátti vita af kassanum uppi á skápinum. Eins og mál þetta liggur hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi samstarfsfélaga M eða að aðbúnaði á vinnustaðnum hafi verið ábótavant. Af gögnum málsins, einkum læknisfræðilegum gögnum, verður ekki ráðið að eftir slysið hafi M verið óvinnufær í einn eða fleiri daga auk þess dags sem slysið varð. Af þeim sökum verður ekki fullyrð að skylda til að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, hafi verið vanrækt af hálfu L. Sönnunarbyrði um það sem kann aðvera óupplýst eða óljóst í málinu verður því ekki varpað yfir á L. Að öllu framangreindu virtu telst ósannað að L beri ábyrgð á líkamstjóni M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 8. júní 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.